

TILSKIPUN RÁÐSINS 2000/79/EB

2002/EES/23/34

frá 27. nóvember 2000

um Evrópusamning um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningssflugum sem gerður var milli Evrópusambands flugfélaga (AEA), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF), Evrópska fluglíðasambandsins (ECA), Samtaka evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtaka flutningaflugfélaga (IACA) (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagins, einkum 2. mgr. 139. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vinnuveitendur og launamenn geta, í samræmi við 2. mgr. 139. gr. sáttmálans, farið sameiginlega fram á að samningar, sem gerðir eru á vettvangi bandalagsins, séu framkvæmdir með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.
- 2) Ráðið hefur samþykkt tilskipun 93/104/EB⁽¹⁾ um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Almenningsflug var eitt þeirra athafnasviða sem féllu utan við gildissvið þeirrar tilskipunar. Evrópuþingið og ráðið samþykktu tilskipun 2000/34/EB um breytingu á tilskipun 93/104/EB þannig að hún tæki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem féllu áður utan gildissviðs hennar.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 2. mgr. 138. gr. sáttmálans, haft samráð við vinnuveitendur og launamenn um hugsanlega stefnu um bandalagsaðgerðir í þeim geirum og þeirri starfsemi sem fellur utan gildissviðs tilskipunar 93/104/EB.
- 4) Að þessu samráði loknu áleit framkvæmdastjórnin að bandalagsaðgerðir væru æskilegar og hafði aftur samráð við vinnuveitendur og launþega í bandalaginu um efni fyrirhugaðrar tillögu í samræmi við 3. mgr. 138. gr. sáttmálans.
- 5) Evrópusamband flugfélaga (AEA), Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF), Evrópska fluglíðasambandið (ECA), Samtök evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtök flutningaflugfélaga (IACA) hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að þau óski eftir að hefja samninga-viðræður í samræmi við 4. mgr. 138. gr. sáttmálans.
- 6) Hinn 22. mars 2000 gerðu téð samtök með sér Evrópusamning um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningssflugum.
- 7) Í þeim samningi er sett fram sameiginleg beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að hrinda samningnum í framkvæmd með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 139. gr. sáttmálans.
- 8) Í þessari tilskipun og samningnum er mælt fyrir um sérhæfðari kröfur í skilningi 14. gr. tilskipunar 93/104/EB að því er varðar skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningssflugum.
- 9) Í 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/104/EB er farstarfsmaður skilgreindur sem starfsmaður í áhöfn hjá fyrirtæki sem starfrækir farþega- eða vöruflutninga á vegum, í lofti eða á skipgengum vatnaleiðum.
- 10) Í skilningi 249. gr. sáttmálans er tilskipun viðeigandi gerningur til framkvæmdar samningnum.
- 11) Í ljósi þess að almenningssflugið er mjög samþætt athafnasvið og með hliðsjón af ríkjandi samkeppnisskilyrðum á þessu sviði geta aðildarríkin ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar með viðhlítandi hætti, það er að vernda heilsu og öryggi starfsmanna, og því er þörf á bandalagsaðgerð í samræmi við dreifræðisregluna sem mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans. Þessi tilskipun gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.
- 12) Samkvæmt tilskipuninni geta aðildarríkin sjálf skilgreint hugtök, sem notuð eru í samningnum og eru ekki sérstaklega skilgreind þar, í samræmi við landslög og venjur eins og gert er samkvæmt öðrum tilskipunum um félagsmálastefnu þar sem svipuð hugtök eru notuð, að því tilskildu að skilgreiningarnar samrýmist samningnum.
- 13) Framkvæmdastjórnin hefur samið drög að tilskipun í samræmi við orðsendingu sína frá 20. maí 1998 um aðlögun og kynningu skoðanaskipta um félagsmál í bandalaginu, að teknu tilliti til stöðu undirritunaraðila og lögmætis hvers ákvæðis samningsins. Til samans hafa undirritunaraðilar nægilegt umboð fyrir starfsmenn í áhöfn hjá fyrirtæki sem starfrækir farþega- eða vöruflutninga með almenningssflugum.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur samið drög að tilskipun í samræmi við 2. mgr. 137. gr. sáttmálans þar sem kveðið er á um að í tilskipunum á sviði félagsmálastefnunnar skuli forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti litilla og meðalstórra fyrirtækja.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 302, 1.12.2000, bls. 57, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustu-hættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 33.

(1) Stjtið. EB L 307, 13.12.1993, bls. 18. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/34/EB (Stjtið. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41).

- 15) Í þessari tilskipun og samningnum eru settir lágmarksstaðlar. Aðildarríkin og/eða vinnuveitendur og launamenn mega viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði.
- 16) Ekki á að vera hægt að bera fyrir sig framkvæmd þessarar tilskipunar til að réttlæta afturför á þessu sviði miðað við það sem nú tíðkast í aðildarríkjunum.
- 17) Framkvæmdastjórnin hefur gert Evrópuþinginu, efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni viðvart með því að senda þeim tillögu sína að tilskipun sem samningurinn er felldur inn í.
- 18) Evrópuþingið samþykkti ályktun um rammasamning aðila vinnumarkaðarins 3. október 2000.
- 19) Framkvæmd samningsins stuðlar að því að markmiðum 136. gr. sáttmálans verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að hrinda í framkvæmd Evrópusamningi um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningsflugi sem gerður var 22. mars 2000 milli samtaka vinnuveitenda og launamanna í almenningsflugi: Evrópusambands flugfélaga (AEA), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF), Evrópska fluglíðasambandsins (ECA), Samtaka evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtaka flutningaflugfélaga (IACA).

Texta samningsins er að finna í viðaukanum.

2. gr.

1. Aðildarríkin mega viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
2. Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki við neinar aðstæður fela í sér nægilegar ástæður til að réttlæta skerðingu almennrar vinnuverndar starfsmanna á þeim sviðum sem þessi tilskipun tekur til. Þetta skal þó ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna og/eða vinnuveitenda og launamanna til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, önnur laga-, eftirlits- eða samningsákvæði en þau sem gilda við samþykkt þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þeim

lágmarkskröfum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé ætíð fullnægt.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. desember 2003 eða sjá til þess að í síðasta lagi þann dag hafi vinnuveitendur og launamenn gert nauðsynlegar ráðstafanir með samningi. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vera ávallt í aðstöðu til að ábyrgjast þær niðurstöður sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2000.

Fyrir hönd ráðsins,

É. GUIGOU

forseti.

VIÐAUKI

Evrópusamningur um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningssflugi sem gerður var milli Evrópusambands flugfélaga (AEA), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF), Evrópska flugliðasambandsins (ECA), Samtaka evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtaka flutningaflugfélaga (IACA)

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 138. gr. og 2. mgr. 139. gr.,

með hliðsjón af því að í 2. mgr. 139. gr. sáttmálans er kveðið á um að samninga, sem gerðir eru á evrópskum vettvangi, megi framkvæma með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar ef undirritunaraðilar fara sameiginlega fram á það,

með hliðsjón af því að undirritunaraðilar leggja hér með fram slíka beiðni,

með hliðsjón af því að undirritunaraðilar álíta að ákvæði þessa samnings séu „sérhæfðari kröfur“ í skilningi 14. gr. tilskipunar ráðsins 93/104/EB og að ákvæði þeirrar tilskipunar skuli ekki gilda,

HAFA UNDIRRITUNARAÐILAR KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Samningur þessi gildir um vinnutíma farstarfsmanna í almenningssflugi.
2. Í honum er mælt fyrir um sérhæfðari kröfur í skilningi 14. gr. tilskipunar ráðsins 93/104/EB að því er varðar skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningssflugi.

2. gr.

1. „Vinnutími“ er sá tími sem starfsmaður er við störf eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlend lög og/eða réttarvenju.
2. „Farstarfsmenn í almenningssflugi“ eru flugverjar um borð í almenningssloftfari sem ráðnir eru hjá fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki.
3. „Fartími“ er tíminn frá því að flugvél hreyfist af flugvélastæði sínu til að hefja flug þar til hún stöðvast að fluginu loknu á flugvélastæði, sem henni hefur verið úthlutað, og allir hreyflar hafa verið stöðvaðir.

3. gr.

1. Farstarfsmenn í almenningssflugi eiga rétt á að minnsta kosti fjögurra vikna árlegu orlofi á launum í samræmi við viðmiðunarreglur um rétt til slíks orlofs og veitingu þess samkvæmt landslögum og/eða venju.
2. Greiðsla má ekki koma í stað árlegs lágmarksorlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

4. gr.

1. a) Farstarfsmenn í almenningssflugi eiga rétt á ókeypis heilbrigðiseftirliti áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá.
- b) Farstarfsmenn í almenningssflugi, sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna einnig næturvinnu, verða færðir til, þegar kostur er, í dagvinnustörf í lofti eða á jörðu sem henta þeim.
2. Að því er varðar ókeypis heilbrigðiseftirlit, sem um getur í a-lið 1. mgr., er læknirinn bundinn þagnarskyldu.
3. Ókeypis heilbrigðiseftirlit, sem um getur í a-lið 1. mgr., má fara fram innan ramma innlenda heilbrigðiskerfisins.

5. gr.

1. Farstarfsmenn í almenningssflugi skulu njóta öryggis og heilsuverndar í samræmi við starf sitt.
2. Samsvarandi verndar- og forvarnarþjónusta eða aðstaða, sem þjónar slíkum tilgangi, skal ávallt vera fyrir hendi vegna öryggis og heilsu farstarfsmanna í almenningssflugi.

6. gr.

Gerðar verða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi, sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri, taki tillit til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga vinnuna starfsmanninum.

7. gr.

Lögbærum yfirvöldum skulu veittar upplýsingar um sérstök vinnumynstur farstarfsmanna í almenningssflugi fari þau þess á leit.

8. gr.

1. Vinnutíminn skal ákveðinn með fyrirvara um síðari löggjöf bandalagsins um flug- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma og í samhengi við innlenda löggjöf í þessum málaflokki sem taka ber mið af í öllum málum þar að lútandi.
2. Hámarksvinnutími á ári, þar með taldar bakvaktir sem eru skilgreindar í gildandi lögum, skal vera 2000 klukkustundir og takmarkast fartíminn við 900 klukkustundir af þeim.
3. Hámarksvinnutími á ári skal dreifast eins jafnt yfir árið og unnt er.

9. gr.

Með fyrirvara um 3. gr. skulu farstarfsmenn í almenningssflugi fá eftirfarandi frídaga þar sem þeir eru lausir við alla vinnuskyldu og bakvaktir og er tilkynnt um fyrir fram:

- a) að minnsta kosti 7 staðardaga í hverjum almanaksmánuði, sem geta innifalið hvíldartímabil sem eru tilskilin í lögum, og
- b) að minnsta kosti 96 staðardaga á hverju almanaksári, sem geta innifalið hvíldartímabil sem eru tilskilin í lögum.

10. gr.

Samningsaðilar skulu endurskoða ákvæðin hér að framan tveimur árum frá lokum þess frests sem veittur er til framkvæmdar og mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins um gildistöku samnings þessa.

Brussel, 22. mars 2000.

Evrópusamband flugfélaga (AEA)

Karl-Heinz Neumeister, framkvæmdastjóri
Manfred Merz, varaformaður félagsmálanefndar AEA,
formaður samningahópsins

Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF)

Brenda O'Brien, aðstoðarframkvæmdastjóri
Betty Lecouturier, forseti, á sæti í nefnd þjónustuliða
Bent Gehlsen, á sæti í samningahópnum og í nefnd
þjónustuliða

Evrópska fluglíðasambandið (ECA)

Captain Francesco Gentile, formaður
Captain Bill Archer, aðstoðarformaður
Giancarlo Crivellaro, framkvæmdastjóri

Samtök evrópskra svæðisflugfélaga (ERA)

Mike Ambrose, framkvæmdastjóri

Alþjóðasamtök flutningaflugfélaga (IACA)

Marc Frisque, framkvæmdastjóri
Allan Brown, forstöðumaður flugmála- og
iðnaðarsviðs